



Tækniþróunarsjóður

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið fjárhagsendurskoðun Tækniþróunarsjóðs fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Tækniþróunarsjóðs og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Jafnframt er ljóst að ákveðnar takmarkanir voru á endurskoðuninni þar sem ekki var hægt að koma við nauðsynlegum aðgerðum til að staðfesta innra eftirlit og bókhald sjóðsins vegna Covid-19. Ríkisendurskoðun áformar að fylgja þessari skýrslu eftir með frekari athugunum á komandi árum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Efnisyfirlit

Inngangur	2	5.1	Rekstur	10
1 Ábendingar og athugasemdir	4	5.2	Styrkir.....	10
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	5	5.3	Verkefnabókhald Tækniþróunarsjóðs.....	11
2.1 Viðbrögð Tækniþróunarsjóðs	5	5.4	Niðurstöður/ábendingar.....	11
3 Fjárveiting og rekstur	6	6	Endurskoðun efnahagsliða	12
3.1 Fjárveitingar	6	7	Önnur atriði	13
3.2 Rekstraráætlun.....	6	7.1	Samþykkt ársreiknings.....	13
Niðurstöður/ábendingar.....	6	7.2	Staðfestingarbréf stjórnenda	13
4 Innra eftirlit	7	7.3	Óhæðisyfirlýsingar.....	13
4.1 Inngangur	7			
4.2 Umfjöllun	7			
4.3 Umsóknarferlið og eftirlit með styrkveitingum.....	8			
4.4 Varnir gegn hagsmunaárekstrum	9			
4.5 Niðurstöður/ábendingar	9			
5 Endurskoðun rekstrarliða.....	10			

1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli a eftirfarandi ábendingum:

1

Afstemmingar úthlutunar styrkja við bókhald

Afstemming milli bókhalds vegna ársins 2019 og verkefnabókhalds sjóðsins liggur ekki fyrir endanlega þegar þetta er skrifað. Lögð er áhersla á að slík sundurliðun og afstemming liggi fyrir hjá sjóðnum fyrir hvert ár.

2

Eftirlit með ógreiddum styrkloforðum

Sjóðurinn á eftir að ganga frá tillögum að afskriftum (niðurfellingum). Ógreidd eldri styrkloforð gætu verið orðin úrelt og sem þarf þá að afskrifa.

3

Birting styrkja

Eðlilegast er að sjóðurinn birti úthlutanir styrkja a.mk. í lok hvers árs þegar gengið hefur verið frá samningum.

2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

2.1 Viðbrögð Tækniþróunarsjóðs

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Tækniþróunarsjóði vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2019 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 1. Stjórn og starfsmenn Tækniþróunarsjóðs gera ekki efnislegar athugasemdir en telja rétt að bregðast við á eftirfarandi hátt:

1. Afstemmingar úthlutunar styrkja við bókhald

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir endanleg afstemming milli bókhalds og verkefnabókhalds sjóðsins fyrir 2019. „Nýr starfsmaður tók árið 2018 við þeim þætti umsýslu sjóðsins sem snýr að undirbúningi beiðna um bókun á skuldbindingum og greiðslum sjóðsins. Í upphafi árs er opið fyrir bókun á skuldbindingum á fyrra ár vegna samnings við verkefni sem var úthlutað til á því ári. Um áramótin 2018/19 og aftur 2019/20 komu upp nokkur tilvik þar sem skuldbinding var skráð á fyrra ár í verkefnabókhaldi, en á seinna ár í bókhaldi. Verður þetta leiðrétt í samráði við Fjársýslu ríkisins.“

2. Birting styrkja

Bent var á að eðlilegt sé að sjóðurinn birti úthlutanir styrkja a.m.k. í lok hvers árs. „Sjóðurinn telur að þetta hafi verið gert með tvennum hætti. Annars vegar eru úthlutanir sjóðsins kynntar að lokinni hverri úthlutun með fréttatilkynningu og frétt á vef sjóðsins þar sem finna má lista yfir þau verkefni sem gengið verður til samninga við. Sjá frétt um síðustu úthlutun sjóðsins.

(<https://www.rannis.is/frettir/taeknithrounarsjodur/sumaruthlutun-taeknithrounarsjods-2020>). Hins vegar er Rannís með gagnagrunn yfir verkefni þeirra sjóða sem stofnunin þjónustar þar sem m.a. er hægt að leita eftir sjóðum og úthlutunarárum. Þessi gagnagrunnur hefur ekki verið aðgengilegur um nokkurt skeið vegna þess að unnið er að endurbótum á honum til að gera hann notendavænni. Þar sem ljóst er að enn eru nokkrir mánuðir eftir af þeirri vinnu hafa úthlutanir s.l. tveggja ára verið gerðar aðgengilegar á vef sjóðsins sjá <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/taeknithrounarsjodur/uthlutani-r/veittir-styrkir-2019/>). Í framtíðinni verður hins vegar hægt að skoða úthlutanir allt aftur til ársins 2014.“

3 Fjárveiting og rekstur

3.1 Fjárveitingar

3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting samkvæmt fylgiriti fjárlaga ársins 2019 nam 2.332 m.kr. sem er endanleg fjárveiting ársins.

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins námu 2.221 m.kr. á árinu 2019 eða 111 m.kr. lægri fjárhæð en fjárveitingar ársins eða um 20%. Styrkveitingar eru samkvæmt ákvörðun stjórnar. Árið á undan voru styrkveitingar umfram fjárveitingar til sjóðsins, þ.e. gengið var á uppsafnað eigið fé.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2019:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartilfærslur	84.400	101.359	-16.959	89.253
Fjámagnstilfærslur	2.247.600	2.119.637	127.963	2.676.824
Samtals	2.332.000	2.220.996	111.004	2.766.077

Lækkun vegna fyrra árs nam samtals 46 m.kr. Heildarfjárveiting Tækniþróunarsjóðs nam því 2.286 m.kr. árið 2019.

3.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Ekki er um að ræða fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum hjá sjóðnum.

3.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun ársins 2019 var færð í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. Niðurstaðan endurspeglar fjárveitingu ársins

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Niðurstöður könnunar á fjárveitingum og rekstri voru án athugasemda.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

Ekki var hægt að koma við nauðsynlegum aðgerðum til að staðfesta innra eftirlit og bókhald sjóðsins vegna Covid-19 eins og fram kom hér í inngangi að framan.

4.2 Umfjöllun

Ráðherra skipar stjórn Tækniþróunarsjóðs, sem ákveður áherslur sjóðsins og tekur ákvarðanir um fjárveitingar að fengnum umsögnum fagráða. Fagráð er skipað af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs til tveggja ára í senn. Fagráð metur umsóknir og skilar niðurstöðu/röðun til stjórnar. Stjórn leitar ráðgjafar umfram það sem fagráðin geta veitt ef þess gerist þörf.

Öll umsýsla er á höndum Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) skv. 12.gr. laga nr. 3/2003, sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í umsýslu felst að reka umsókna- og umsýslukerfi, eiga samskipti við umsækjendur og hafa eftirlit með styrktum verkefnum.

Samningur um rekstur og umsýslu sjóðsins milli Rannís og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er frá 2016 og gildir til sex ára. Þannig sér Rannís um bókhald sjóðsins í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og í samráði við verklagsreglur ráðuneytisins. Skipurit sjóðsins er til. Áhættumat hefur ekki verið unnið og fjársvikaáhætta hefur ekki verið metin. Svonefnt áhrifamat hefur verið unnið (síðast fyrir tímabilið 2009-2013) og er það birt á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðurinn er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og bókhaldið er fært í fjárhagsbókhald ríkisins Orra.

Rafrænar reikningar voru teknir upp í ársbyrjun 2020. Í núverandi samþykktarferli er krafist þriggja aðila hjá sjóðnum til að samþykkja reikning til bókuar og greiðslu. Enn eru þó beiðnir um greiðslur til styrkþega sendar í tölvupósti til Fjársýslu.

4.3 Umsóknarferlið og eftirlit með styrkveitingum

Til eru skriflegar vinnureglur hjá sjóðnum um styrkveitingar *Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda*¹. Þar eru einnig birtar auglýsingar um styrki og umsóknarfresti. Umsóknirnar fara fyrir stjórn sjóðsins. Eins og áður kom fram er það hlutverk fagráða að meta umsóknir og skila niðurstöðu til stjórnar nema vegna einkaleyfisstyrkja þar sem staðfesta þarf að viðkomandi hafi skilað inn einkaleyfisumsókn og geti framvísað reikningum fyrir vinnu sérfræðinga. Fagráðin eru nú fjögur þ.e. sérstakt fagráð er fyrir hvern flokk styrkja.

Þegar stjórn hefur samþykkt styrkveitingu er gengið til samninga við styrkhafann um tiltekna styrkfjárhæð á næstu 12 mánuðum innan þess ramma sem reglur kveða á um. Styrkfjárhæðin er færð til gjalda og til skuldar hjá sjóðnum. Við undirritun samnings er hlutur styrkfjárhæðar greiddur (t.d. 40%) en síðari greiðslur eru háðar skilyrðum um framvindu verkefnisins og skil á áfangaskýrslum. Samningur er undirritaður af tveimur starfsmönnum sjóðsins (þ.e. Rannís) og a.m.k. einum verkefnisstjóra fyrir hönd styrkhafa. Ef um samstarfssamninga er að ræða þarf afrit þeirra að fylgja með við undirritun.

Úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði fyrir árin 2004-2014 eru birtar á úthlutunarsíðu sjóðsins á heimasíðu Rannís. Eðlilegast er að sjóðurinn birti úthlutanir a.m.k. í lok hvers árs þegar gengið hefur verið frá samningum.

¹ Sjá slóð: https://www.rannis.is/media/eydublod-s20/TS_Reglur_S20.pdf.

4.3.1 Reglur um ósóttu styrki, endurkröfur og afskriftir

Í framangreindum vinnureglum kemur fram að ef styrkþegi skilar ekki undirrituðum samningi til sjóðsins innan settra tímamarka fellur styrkur niður og framlagið færast aftur til sjóðsins.

Einnig kemur fram í reglunum hvernig tekið er á því ef styrkþegi stendur ekki við skuldbindingar sínar. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og endurgreiðslu krafist. Sama gildir ef umtalsverðar breytingar eru gerðar á verkefninu (verkáætlun) á verktíma án samþykkis sjóðsins. Í samningi við styrkþega eru ákvæði um að styrkþegar fái tilkynningu um afskrift á eftirstöðvum styrksins ef ekkert svar berst innan tveggja vikna frá tilkynningu.

Varnir gegn hugsanlegri sviksemi

Helstu varnir sjóðsins varðandi hugsanlega sviksemi styrkþega eru:

- Framvinduskýrslur: Sem krafist er til þess að styrkþegi fái umsamdar greiðslur.
- Heimsóknir starfsmanna sjóðsins (frá Rannís) til styrkhafa.
- Sjóðurinn getur fengið endurskoðunarfyritæki til að endurskoða reikningshald styrkþega.
- Ársskýrslur/ársreikningar: Skila þarf ársreikningi en ekki er gerð krafa um að hann sé endurskoðaður.
- Gerð er krafa um kostnaðarbókhald og vinnutímaskráningu.

Að mati sviðsstjóra hjá sjóðnum er eftirlitið á svipuðum nótum og notað er hjá ESB.

Framangreindir eftirlitsþættir eru samkvæmt upplýsingum sjóðsins. Framkvæmd þeirra og virkni hefur ekki verið staðfest með gagnaskoðun.

4.4 Varnir gegn hagsmunaárekstrum

Helstu varnir við hugsanlegum hagsmunaárekstrum hjá sjóðnum og tilvik 2019²:

- Fagráðsmenn – Ef fagráðsmaður er umsækjandi fer sá aðili ekki yfir umsóknir í sama flokki og sótt er um í. Einn fagráðsmaður var verkefnastjóri í tveimur innsendum umsóknum 2019. Styrkur var veittur til annars verkefnisins. Fagráðsmaður kom ekki að mati umsókna í þeim flokki sem umsóknirnar tilheyrðu.
- Stjórnarmenn: Engin stjórnarmaður sótti um úr sjóðnum 2019, en formaður stjórnar var með verkefni í gangi hjá sjóðnum þegar hann tók við. Þegar hann var skipaður í stjórn sjóðsins hætti hann sem verkefnisstjóri verkefnisins og annar hjá fyrirtækinu tók við.
- Bæði fagráð og stjórn staðfesta trúnaðaryfirlýsingu og að hafa kynnt sér og fara eftir reglum sjóðsins um vanhæfi áður en

aðgangur er veittur að umsóknum í kerfinu. Ef aðili skráir vanhæfi við umsókn fær hann ekki aðgang að henni.

- Sjóðurinn er með sérstakar reglur um vanhæfi sem byggjast á meginreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í reglunum segir: „Þegar maður veit eða telur vafa leika á því að hann sé hæfur til meðferðar máls ber honum að vekja athygli formanns hlutaðeigandi nefndar á því og fá úr því skorið hvort honum beri að víkja sæti, áður en hlutaðeigandi mál kemur til umfjöllunar.“

4.5 Niðurstöður/ábendingar

1. Eðlilegast er að sjóðurinn birti úthlutanir styrkja a.m.k. í lok hvers árs þegar gengið hefur verið frá samningum.
2. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra eins og frekast er kostur milli stjórnarmanna og þeirra sem sitja í fagráðum annars vegar og umsækjenda hins vegar.

² Ábending frá Ríkisendurskoðun, 15. des. 2010

https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/abending_throunarsjodir.pdf

5 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2.332.000	2.378.000	-46.000
Alls tekjur	2.332.000	2.378.000	-46.000
Gjöld			
Rekstrarkostnaður			
Sérfræðiþjónusta	23.029	29.039	-6.010
Kaup á þjónustu	62.230	58.780	3.450
Annar kostnaður	16.101	1.434	14.666
Samtals	101.359	89.253	12.106
Styrkir			
Til ríkisstofnana í A-hluta	338.321	363.168	-24.847
Til sveitarfélaga	15.644	10.430	5.214
Til fyrirtækja og atvinnuvega	1.774.791	2.276.788	-501.996
Til einstaklinga	-9.120	26.438	-35.558
Samtals	2.119.637	2.676.824	-557.187
Gjöld alls	2.220.996	2.766.077	-545.081
Afkoma	111.004	-388.077	499.081

5.1 Rekstur

Allur kostnaður við rekstur sjóðsins er greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans, skv. 13. gr. laga nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir. Eins og fram kom í kafla 4.3 var gerður samningur við Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) varðandi rekstur og Umsýslu sjóðsins og færast árleg þóknun sem kaup á þjónustu. Nefndur samningur var kannaður við endurskoðun. Rannís fær fasta árlega greiðslu 35,0 m.kr. og 1% af framlagi á fjárlögum sem var 23,3 m.kr. Til viðbótar voru greiddar 3,9 m.kr. í sérstaka þóknun vegna umsjónar með Eurostar verkefninu. Samtals greiddi sjóðurinn því 62,2 m.kr. árið 2019 í þóknun til Rannís.

Hækkun kostnaðar milli ára skýrist einkum af greiðslu og gjaldfærslu 3ja ára framlags (2017-2019) tengdu erlendu djúpborunarverkefni. Heildarframlagið sem hér um ræðir er 12,2 m.kr. Það hefði átt að færast á hvert ár fyrir sig.

5.2 Styrkir

Eins og fram kom í kafla 5.3 eru styrkir árána 2004 – 2014 birtir á heimasíðu sjóðsins.

Um eftirtalda styrki er að ræða:

Fyrirtækjastyrkur – fræ: Markmiðið er að styðja við hugmyndir og verkefni á frumstigi sem getur leitt af sér stærra þróunarverkefni. Hámarksstyrkur er 1,5 m.kr. Umsækjendur fá ekki einkunn eða umsögn um verkefnið.

Fyrirtækjastyrkur – Sproti, vöxtur, sprettur, markaðsstyrkur: Sproti er fyrir ung fyrirtæki og frumkvöðla og er ætlaður til að styðja við verkefni á byrjunarstigi. Aðrir flokkar hér eru fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki. Fagráð notar sérstakt matsblað við mat á umsóknum. Skila þarf inn framvinduskýrslu eftir 6 mánuði. Ef verkefnið er til lengri tíma en eins árs er skilað inn áfangaskýrslu annars lokaskýrslu.

Fyrirtækjastyrkur – hagnýt rannsóknarverkefni: Háskóli eða opinber rannsóknarstofnun skal vera í forsvari sem aðalumsækjandi. Mótframlag aðalumsækjanda getur ekki verið lægra en 20%. Fagráð metur umsóknir miðað við skilgreinda matsþætti. Verkefnið getur verið til 3ja ára að hámarki.

Einkaleyfastyrkir: Eru veittir fyrir sérfræðikostnaði við gerð umsókna um einkaleyfi.

Sjóðurinn veitir einnig styrki vegna innlendra og erlendra samstarfssamninga.

5.3 Verkefnabókhald Tækniþróunarsjóðs

Í framangreindum samningi sjóðsins við Rannís kemur fram að Rannís sjái um verkefnabókhald og reikningshald sjóðsins í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins.

Við endurskoðun komu fram mismunir milli styrkveitinga samkvæmt bókhaldi ríkisins hjá Fjársýslu annars vegar og verkefnaskráningu (verkefnabókhaldi) sjóðsins hins vegar. Munaði þar talsverðu og afstemming liggur ekki fyrir hjá sjóðnum. Málið snýst einnig um það að tryggja að styrkveitingarnar séu bókaðar á rétt ár og rétt tímabil. Mikilvægt er að þetta sé lagfært og afstemmingar liggja jafnan fyrir milli sjóðsins og bókhalds ríkisins eins og samningur mælir fyrir um.

5.4 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar vegna tekjuskráningar hjá stofnuninni:

Framlag til 3ja ára sem tengist djúpborunarverkefni hefði átt að færast á hvert ár fyrir sig.

Afstemming milli fjárhagsbókhalds vegna ársins 2019 og verkefnabókhalds sjóðsins liggur ekki fyrir endanlega þegar þetta er skrifað. Lögð er áhersla á að slík sundurliðun og afstemming liggja fyrir hjá sjóðnum fyrir hvert ár.

6 Endurskoðun efnahagsliða

6.1 Eigir og skuldir

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
Eignir			
Greiðslustaða við ríkissjóð	993.127	1.071.209	-78.082
Eignir alls	993.127	1.071.209	-78.082
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	64.981	19.751	45.230
Ógreiddir styrkir	917.369	1.041.432	-124.063
Lánardrottinnar	10.777	10.026	751
Eigið fé og skuldir alls	993.127	1.071.209	-78.082

Í lok árs 2019 námu eignir 993,1 m.kr., skuldir námu 928,1 m.kr., og eigið fé var jákvætt um 65,0 m.kr.

6.1.1 Greiðslustaða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð var staðfest við endurskoðun.

6.1.2 Ógreiddir styrkir

Ógreiddir styrkir námu 917,4 m.kr. í árslok. Hluti af þessum skuldum, þ.e. ógreidd eldri styrkloforð, gæti þurft að afskrifa. Eftir er að ákveða endanlega um slíkar afskriftir.

6.1.3 Lánardrottinnar

Staða við lánardrottinn var staðfest í árslok. Skuldir við lánardrottinn voru greiddar á árinu 2020.

6.2 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Sjóðurinn á eftir að ganga frá tillögum að afskriftum (niðurfellingum). Ógreidd eldri styrkloforð gætu verið orðin úrelt og sem þarf þá að afskrifa.

7 Önnur atriði

7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur sjóðsins var samþykktur af skrifstofustjóra fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 5. október 2020.

7.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var frá Fjársýslu ríkisins til sjóðsins, var einnig samþykkt og undirritað af skrifstofustjóra fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 5. október 2020.

7.3 Óhæðisyfirlýsingar

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun Tækniþróunarsjóðs dagsettar 24. nóvember 2020.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 - 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is